



## *Stjórn Nemastofu atvinnulífsins*

Stjórnir Iðunnar fræðsluseturs og Rafmenntar stofnuðu Nemastofu atvinnulífsins þann 18. mars 2022. Árið 2023 var því fyrsta heila starfsár félagsins.

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi félagsins þann 6. mars 2023. Í stjórn sitja Hildur Elín Vignir, formaður, Þór Pálsson, Björg Ásta Þórðardóttir en Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir tók sæti Bjargar þann 18. september sl., Óskar Hafnfjörð Gunnarsson, Andri Haraldsson og Pétur Hákon Halldórsson. Stjórn Nemastofu hélt samtals sjö stjórnarfundi á starfsárinu.

Tilgangur Nemastofu atvinnulífsins er að:

- hvetja fyrirtæki til að skrá sig á birtingalista fyrirtækja með nemaleyfi í iðngreinum og aðstoða þau eftir þörfum.
- hafa yfirsýn yfir fjölda nema í vinnustaðanámi og áætla þörf á nemaplássum í iðngreinum.
- bjóða þjálfun og fræðslu til iðnmeistara og tilsjónarmanna sem taka á móti nemum og efla færni þeirra í þjálfun nema og notkun rafræna ferilbóka.
- vera samstarfsvettvangur umræðu um verkefni og viðfangsefni þjálfunar á vinnustað þ.m.t. inntak rafræna ferilbóka.
- standa fyrir viðburðum og ráðstefnum um vinnustaðanámi og veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja sem að taka nema.
- kynna iðn- og starfsnámi og fjölbreytt störf í iðnaði.
- sinna verkefnum sem mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun og/eða framhaldsskólar eftir atvikum fela Nemastofu samkvæmt samningi þar um.

Á stofnfundi félagsins í mars 2022 var skrifað undir samkomulag til teggja ára þ.e.a.s. fyrir árin 2022 og 2023 á milli Ásmundar Einars Daðasonar mennta- og barnamálaráðherra og stjórnar Nemastofu um eftirfarandi verkefni:

- að fjölga fyrirtækjum í birtingaskrá til framtíðar
- að setja sér mælanleg markmið um fjölgun fyrirtækja fyrir árin 2022-2023
- að standa fyrir kynningarherferðum, leiðsögn og aðstoð með beinum hætti við einstök fyrirtæki/iðnmeistara
- að fjölga nemaplássum og hvetja fyrirtæki, eftir stærð til að skilgreina varanleg nemapláss í rekstrinum
- að sinna og aðstoða iðngreinar sem búa við nemendafæð
- að leiðbeina fyrirtækjum um meðhöndlun og virkni birtingaskrár og rafrænnar ferilbókar m.a þegar kemur að kortlagningu einstakra verkþátta.
- að stuðla að góðu starfsumhverfi nema óháð kyni.

## **Verkefni Nemastofu atvinnulífsins árið 2023**

Verkefni félagsins á liðnu ári eru í takti við tilgang og markmið þess s.s. að stuðla að fjölgun faglærðs fólks í atvinnulífi; að fjölga nemum og námstækifærum í iðn- og starfsnámi; að styðja fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanámi s.s. kynna notkun og skráningu í rafræna ferilbók; að bjóða iðnmeisturum og tilsjónarfólki þjálfun og kennslu á vinnustað; að stuðla að jákvæðri vinnustaðamenningu í iðnfyrirtækjum; stuðla að jafnara kynjahlutfalli í námsvali og taka þátt í verkefnum sem ætlað er að bæta enn frekar ímynd vinnustaðanáms.

Nemastofa atvinnulífsins heldur saman upplýsingum um framkvæmd iðnnáms í landinu s.s. um fjölda nema í iðnnámi, um framboð nemaplássna í iðngreinum, um fjölda fyrirtækja á birtingalista auk annarra verkefna og birtir í mælaborði félagsins.

### Mælaborð Nemastofu atvinnulífsins 2023

Fjöldi iðnfyrirtækja á birtingalista (31.des. 2023)	928
Fjöldi starfsstöðva/starfsgreina í iðngreinum	1062
Fjöldi nemaplássna í boði fyrirtækja á birtingalista	2714
Nýting á nemaplássum í fyrirtækjum	38,9%
Fjöldi virkra iðnnema í framhaldsskólum(15.des 2023)	4642
Fjöldi iðnnema í rafrænni ferilbók (15.des 2023)	946
Fjöldi nýsveina á árinu 2023	878
Fjöldi fyrirtækja sem Nemastofa skráir á birtingalista	179
Fjöldi fyrirtækjaheimsókna	22
Fjöldi þátttakenda á kynningarfundum og námskeiðum	328
Kynningarfundir - meistarar, skólar, fagfélög	32
Þátttaka í viðburðum	11
Samráðsfundir	28
Kynningarefni Nemastofu – framleiðsla á myndböndum	4

Í árslok voru samtals 928 fyrirtæki skráð á birtingalistann en þessi fyrirtæki eru skráð fyrir 2714 nemaplássum í samtals 32 iðngreinum. Í birtingalistanum eru samtals 82 fyrirtæki sem bjóða vinnustaðanám í tveimur eða fleirum starfsgreinum. Fjöldi starfsstöðva/starfsgreina í boði fyrirtækja var samtals 1062. Nýting á skráðum nemaplássum þann 15. desember 2023 var 38,9%. Þann 15. desember sl. voru virkir nemar í iðnnámi samtals 4642 og þar af voru 892 nemar skráð í grunnám. Á árinu 2023 luku samtals 878 iðnnemar sveinsprófi sem er fjölmennasti hópur brautskráðra nýsveina frá síðustu aldamótum. Samtals eru 212 nemar skráð með hefðbundin námssamning um áramótin 2023. Nemastofa skráði samtals 179 fyrirtæki í umsóknargátt Menntamálastofnunar.

### ***Kynningar og markaðsstarf***

Nemastofa tók þátt í samtals 32 kynningar- og vinnufundum á árinu fyrir iðnmeistara og iðnmeistarafélög, fyrir framhaldsskóla, fagfélög og fl. um skráningu fyrirtækja og iðnmeistara á birtingalista fyrirtækja sem bjóða vinnustaðanám, um skráningu á nemaplássna í fyrirtækjum og leiðbeiningar um notkun á rafrænni ferilbók og fl. Nemastofa bauð iðnmeisturum og tilsjónarfólki á vinnustöðum námskeið um „Þjálfun og kennslu á vinnustað“. Samtals var fjöldi þátttakenda á námskeiðum og kynningarfundum 328. Nemastofa fór í 22 fyrirtækjaheimsóknir á árinu og tók þátt í samráðfundum m.a. með Menntamálastofnun, Advaníu, umsjónarfólki með rafrænum ferilbókum í framhaldsskólum, mennta- og barnamálaráðuneytinu, SA, SAF og fagfélögum um framkvæmd vinnustaðanáms. Nemastofa tók þátt í Menntadegi atvinnulífsins þann 14. febrúar sl., verkefninu Þín framtíð í Laugardalshöll 16 – 18 mars, sýningunni Iðnaðarmaðurinn í Laugardalshöll 31. ágúst til 2. september og Mannvirkjapingi SI þann 2. nóvember sl.

Heimasíða Nemastofu, facebook – og Instagram síða félagsins voru uppfærð á árinu sjá nánar vef félagsins [www.nemastofa.is](http://www.nemastofa.is). Ákveðið var að fara í samstarf við vinnumiðlunina Alfreð en á vef Nemastofu er krækja á svæði á [www.alfred.is](http://www.alfred.is) þar sem laus nemapláss í iðnfyrirtækjum eru auglýst sérstaklega. Fréttaveita sett

upp heimasíðunni aðallega ætlað fyrir örfréttir sem í framhaldi eru birtar á facebook og instagram síðu Nemastofu. Stjórn Nemastofu atvinnulífsins samþykkti að félagið taki við rekstri vefjarins [www.namogstorf.is](http://www.namogstorf.is) frá 1. janúar 2024 en unnið er að nánari tengingum og á milli vefs Nemastofu og vefjarins namogstorf.is. Fréttaveitunni er ætlað að kynna iðngreinar, fyrirmyndir í iðngreinum, fjalla um sveinspróf og góðan árangur á sveinsprófum. Kynna verkefni unnin hjá Iðunni og Rafmennt um iðn- og starfsnám. Kynna fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins, fjalla um jákvæða vinnustaðamenningu, taka þátt í að byggja upp jákvæða ímynd af iðnnámi og iðngreinum, kynna tækifæri í iðnnámi, stuðla að jafnara kynjahlutfalli í iðngreinum, efla vitund um mikilvægi jákvæðarar vinnustaðamenningar og fl.

### ***Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins***

Nemastofa tók þátt í nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur þann 4. febrúar 2023 og veitti þremur fyrirtækum og iðnmeisturum sem hafa náð góðum árangri í þjálfun og kennslu nema á vinnustað sérstaka viðurkenningu. Fyrirmyndarfyrirtæki Nemastofu atvinnulífsins árið 2023 voru fyrirtækin; HD, Klipphúsið og SOS Lagnir.

Á heimasíðu Nemastofu er kynning á fyrirtækjum sem hafa hlotið viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki.



### ***Fjármögnun***

Iðan fræðslusetur og Rafmennt fjármagna rekstur Nemastofu atvinnulífsins.

### ***Gæðakerfi og sjálfbærnistefna***

Nemastofa vann að því að setja upp gæðakerfi fyrir félagið og samþykkti sjálfbærnistefnu fyrir félagið. Sjá nánar á heimasíðu félagsins

### ***Umsagnir um lög og reglugerðir***

Stjórn Nemastofu skilaði inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 þann 11. september sl. Fulltrúar úr atvinnulífi úr stjórn Iðunnar og Rafmenntar, funduðu um reglugerð um vinnustaðanám og ræddu tillögur til úrbóta við framkæmd vinnustaðanáms þann 26. júní sl.